ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



STÉTTABARÁTTAN er málgagn Kommúnistaflokks Íslands m-l.
Stéttabaráttan kemur út hálfsmánaðarlega.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Ólafur Ingólfsson.
Póstfang: Pósthólf 1357, Reykjavík. Sími: 27810.
Gíró: 27810.
17. tbl. 5. árg. 16/9 1976.
Næsta blað kemur þ. 30/9. Handritastopp 22/9.

Í minningu félaga Mao Tse-tungs

Maó Tse-tung, formaður miðstjórnar Kínverska Kommúnistaflokksins og leiðtogi 800 milljóna, er látinn. Fráfall hans var tilkynnt í Peking aðfaranótt 9. september. Með honum er genginn mesti marxisti-lenínisti vorra tíma, hugsuður og heimspekingur sem á fáa jafningja í veraldarsögunni, byltingarmaður sem átti engan jafnoka í þeirri list að tengja saman almenn sannindi marxismans-lenínismans og séraðstæður heimalands síns. Dauði Maó formanns hefur vakið mikla sorg í hjörtum milljóna alþýðufólks um allan heim, með honum er fallinn óskoraður foringi hinnar alþjóðlegu öreigastéttar og kúgaðrar alþýðu hvarvetna í veröldinni.

Maó Tse-tung var borinn og barnfæddur í þorpinu Shaoshan í Hunan-fylki 26. desember 1893 og hlaut nokkra menntun þegar í æsku. Hann fluttist til Peking, þar sem hann starfaði sem bókavörður í háskólabókasafni Pekingháskólans, en um það leyti tók áhugi hans á þjóðfélagsmálum að vakna og hinn leitandi andi hans tileinkaði sér marxismann-lenínismann af slíkri djúpskyggni og skilningi, að hann var þá þegar vel heima í fræðikenningu hins vísindalega sósíalisma. Þegar hin kommúníska hreyfing sameinaðist í flokk árið 1921, sat Maó formaður stofnþing flokksins sem fulltrúi Hunan-fylkis. Æ síðan var líf hans óaðskiljanlega tengt Kommúnistaflokknum og kínversku byltingunni. Maó formaður tók þegar sæti í miðstjórn flokksins og undir handleiðslu hans tóku áhrif hans og fylgi að vaxa.
Árið 1925 skrifaði Maó formaður rit sitt "Greining stéttanna í Kína" þar sem hann skilgreinir af dæmafárri skarpskyggni og víðtækri þekkingu á þjóðfélaginu þau öfl, sem áttu eftir að heyja stéttastríð tuttugustu aldarinnar í Kína. Stéttagreining hans á sér ekki einvörðungu gildi við kínverskar aðstæður, hún er fordæmi hins alþjóðlega öreigalýðs og gildi hennar er ekki síður almennt, því hún kennir byltingarmönnum þann grundvallarsannleika að án skilnings og þekkingar á stéttunum og innbyrðis baráttu þeirra, verði byltingarhreyfingin markl aus og reikandi. Maó formaður stofnaði árið 1926 Skólann fyrir smábændur í Kanton-borg í suður Kína, en þar voru menntaðir og hertir í fræðum og starfi margir af bestu leiðtogum bændauppreisna þriðja áratugsins.
Rannsóknir Maós á bændahreyfingunni í heimafylki hans veittu honum innsýn í það hreyfiafl byltingarinnar sem hann virkjaði síðan í starfi og baráttu. Smábændurnir voru fjölmennasta stéttin í Kína og meginþungi byltingarinnar hvíldi á herðum þeirra, en verkalýður í iðnaði veitti henni forystu. Eftir haustuppreisnina í Hunan varð Maó og félagar hans að halda til fjalla, Kuo Min Tang þjóðernisflokkurinn, sem kommúnistar samfylktu með, hafði komist undir völd hægri armsins og Chiang Kai Chek hóf miskunnarlausar ofsóknir gegn kommúnistum. Í Shanghai, Nanking og víðar létu hundruð þúsunda lífið í þessum ofsóknum og félögum kommúnistaflokksins voru hvergi grið gefin þar sem til þeirra náðist. En för hersins til fjalla var ekki einungis flótti, hún var upphafið að Rauðu ráðsveldi, yfirráðasvæði alþýðunnar í hjarta Kína. Á árunum eftir 1927, eftir að Chiang Kai Chek hafði gert gagnbyltingu sína, bjuggust kommúnistarnir um í slíkum Rauðum ráðsveldum víða í Kína og smám saman jókst styrkur þeirra og áhrif að nýju, eftir blóðtökur gagnbyltingarinnar. Árangurslaust reyndi Chiang Kai Chek að brjóta Rauðu ráðsveldin á bak aftur og lét í því skyni fara 5 herleiðangra, sem áttu að eyða yfirráðasvæðum kommúnista með vopnavaldi. Öllum þessum herleiðöngrum var hrundið en hentistefna í flokknum leiddi til ævintýramennsku og rangra baráttuaðferða. Lauk svo, að kommúnistarnir tóku sig upp og hófu hina löngu göngu til norðurs, á undanhaldi fyrir herjum þjóðernissinna. Það var í göngunni löngu, á fundi miðstjórnar í Tsunyin árið 1935, sem pólitísk stefna Maós náði yfirhöndinni í flokknum og upp frá því, stjórnaði Maó formaður flokki sínum traustri hendi. Hann leiddi gönguna löngu farsællega til Yenan borgar í norður Kína, þar sem hann hafði höfuðbækistöðvar sínar. Innrás japönsku hernaðarfasistanna í Kína 1936 olli straumhvörfum í kínversku byltingunni. Við tók tímabil þjóðlegrar andspyrnu og frelsisstyrjaldar gegn innrásarseggjunum. Frá höfuðstöðvum sínum í Yenan, stýrðu Maó formaður og miðstjórn flokksins frelsisbaráttunni, þeir knúðu þjóðernissinna til samstarfs í stríðinu gegn japönum og tókst að sam-

FRAMHALD Á SÍÐU 2.

Samúðarkveðjur til Kommúnistaflokks Kína

Hr. Hua Kuo Feng, Forsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína,
Frú Li Su-wen, Varaformaður Fastanefndar Alþýðuþjóðþingsins,
Félagar í Miðstjórn Kommúnistaflokks Kína.

Kæru félagar,
Að morgni dags þann 9. september, bárust okkur þær hörmulegu fréttir, að félagi Mao Tse-tung, hinn mikilhæfi og elskaði leiðtogi Kommúnistaflokks Kína og allra þjóðerna kínverska alþýðulýðveldisins, hefði andast í Peking.
Mao Tse-tung var besti sonur hinnar hetjulegu kínversku alþýðu, hugdjarfur baráttumaður fyrir byltinguna og mesti marxisti-lenínisti vorra tíma. Hann var leiðtogi og kennari öreiga, kúgaðra þjóða og kúgaðrar alþýðu alls heimsins. Dauði hans hefur valdið djúpri sorg í hjörtum milljóna manna hvarvetna í veröldinni. Mikilhæfur leiðtogi er fallinn frá, dauði hans er geysilegur missir fyrir hina byltingarsinnuðu öreigastétt og alþýðu veraldarinnar.
Félagi Mao Tse-tung helgaði byltingunni gervallt líf sitt.
Framúrskarandi fræðileg snilld hans og einstæðir hæfileikar til að tengja fræði og starf á réttan hátt, gerðu honum ávallt kleyft að leiða hina viljasterku og hetjulunduðu kínversku alþýðu til sigurs yfir stéttaróvinunum. Þegar á þriðja tug þessarar aldar setti hann fram "skilgreiningu á stéttum kínverska þjóðfélagsins", þar sem hann skilgreinir stéttaöflin og pólitísk markmið þeirra af marxísk-lenínískri glöggskyggni. Síðar, þegar pólitísk leiðsögn hans hafði verið tryggð á Tsunyi-miðstjórnarfundi flokksins, og gangan langa var farsællega til lykta leidd, stjórnaði hann varnarstríðinu gegn japönsku innrásarseggjunum. Þrátt fyrir að styrjöldin útheimti mikið af starfskröftum hans, gafst honum tími til, að mestu að næturlagi, að rita meistaraverk í marxísk-lenínískum fræðum, slík sem ritgerðirnar "Um móthverfur" og "Um starfið". Viljastyrkur hans og óbugandi starfsþrek kveiktu kyndla byltingarinnar í hjörtum miljóna kínverskra verkamanna, smábænda og hermanna. Eftir 28 ára baráttu upp á líf og dauða gegn heimsvaldasinnum og innlendum afturhaldsseggjum, eftir 28 ára þrotlaust erfiði og óskaplegt harðræði, gat félagi Mao Tse-tung lýst yfir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína. Hann sagði það vera fyrsta skrefið í langri göngu, göngunni til lausnar mannkynsins og hins stéttlausa þjóðfélags kommúnismans. Hann kenndi verkafólki, smábændum og hermönnum að stéttastríðinu væri ekki lokið og að kínverska alþýðan hefði náð nýju skeiði stéttabaráttunnar undir forystu alræðis öreiganna. Í alræði öreiganna og hinu sósíaliska uppbyggingarstarfi þreyttist hann aldrei á að kenna að "enn eru stéttir, stéttaandstæður og stéttabarátta" á tímaskeiði alræðis öreiganna. Hann stjórnaði persónulega hinni miklu Menningarbyltingu öreiganna og baráttunni gegn þeim flokksmeðlimum sem valið höfðu leið kapitalismans. Starf félaga Mao Tse-tung í þágu einingar heimshreyfingar marxismans-leninismans og barátta hans gegn nútíma endurskoðunarstefnunni hafa skapað honum sess sem leiðtoga hinnar al-

FRAMHALD Á SÍÐU 4.

Í minningu félaga Mao Tse-tungs

Framhald af forsíðu

eina þjóðina í andspyrnunni. Á þessum árum í Yenan, skrifar Maó Tse-tung merkilegustu heimspekigreinar síðari tíma, þar sem hann skilgreinir kjarna díalektískrar efnishyggju, einingu andstæðnanna. Í ritgerð sinni Um móthverfurnar og Um starfið, dregur Maó saman meitlaða og djúptæka skilgreiningu á eðli og tilvist andstæðnanna sem búa í sérhverjum hlut og fyrirbæri. Með meistaralegri skarpskyggni og vísdómi skóp þessi fyrrverandi bóndasonur frá Hunan heimspekilegan grundvöll undir marxíska-lenínísku hreyfingu síðari tíma, jók og styrkti þau verk sem Marx, Engels, Lenín og Stalín höfðu unnið á undan honum. Jafnhliða þessum vísindastörfum, sem að mestu voru unnin að næturlagi, skóp Maó formaður kenningar sínar um alþýðustríðið og kínverskir kommúnistar hrundu þeim í framkvæmd í and-japanska stríðinu. Þrátt fyrir yfirburði í herafla og á sviði tækni og fjármála beið japanski herinn algeran ósigur í stríðinu, en bandalag Kommúnista og þjóðernissinna liðaðist sundur og borgarastyrjöldin blossaði upp að nýju. Á árinu 1946 fóru herir kommúnista halloka fyrir gífurlegum liðsmun þjóðernissinna, sem hlutu hernaðar og tækniaðstoð frá Bandaríkjunum, en Maó formaður og Chu Teh vopnabróðir hans og mikill hermaður, sneru undanhaldi rauðu herjanna upp í sókn og á árinu 1947 taka kommúnistar að sækja suður á bóginn. Eftir tveggja ára heiftarlega bardaga, flýðu þjóðernissinnar til Formósu, en kommúnistar tóku völdin í landinu öllu að öðru leyti. Þann 1. október 1949 gekk Maó formaður fram fyrir hundruð þúsundir á Torgi hins himneska friðar og tilkynnti stofnun Alþýðulýðveldisins Kína. Í 28 ár hafði hann verið útlagi og eftirlýstur af stéttaróvinum, í 23 ár hafði hann þolað harðræði og erfiðleika byltingarstarfsins, í 28 ár hafði hann leitt og kennt hinum hugdjörfu og viljasterku kínversku verkamönnum, bændum og alþýðuhermönnum byltingarstörf og þjónustu við hagsmuni fjöldans í hvívetna. Nú stóð hann sem sigurvegari eftir langt og blóðugt stéttastríð og hvarvetna í Kína stóð ljómi um nafn hans, mannsins sem hafði stjórnað frelsisbaráttu milljónamúgsins. Kínversk alþýða tengdi það nafni hans, að hún gat strokið um frjálst höfuð, hún elskaði og virti Maó formann fyrir framlag hans til byltingarinnar, nafn hans og störf urðu óaðskiljanlega tengd kínversku byltingunni í hugum 800 milljóna kínverja. En Mao formaður lýsti því yfir, að stofnun Alþýðulýðveldisins væri aðeins fyrsta skrefið á langri og erfiðri göngu sem kínversk alþýða ætti framundan. Hann kenndi henni að í sósíalismanum væru til stéttir og stéttabarátta og að hið nýja skeið sem hafði hafist með valdatöku kommúnista 1949, væri aðeins nýtt skeið stéttabaráttu, sem væri harðskeittari og óvægnari en áður. Af víðsýni sinni og þekkingu, sá hann fyrir og benti á þær leiðir sem fara yrði til að sækja að lokamarkmiði byltingarinnar, stéttlausu þjóðfélagi kommúnismans í Kína. Verkefnið var risavaxið og óárennilegt. Kommúnistarnir höfðu að vísu tekið völdin, en nú blasti meiri vandi við þeim en áður, hvernig átti að notfæra sér völdin til að renna styrkum stoðum undir sósíalismann í Kína. Meðal foringja kínversku byltingarinnar var Mao ávallt sá sem bar höfuð og herðar hæst, sá lengst og víðast og bar þrek til að finna baráttunni nýja farvegi og kalla fram á vettvanginn nýja og nýja herskara byltingarmanna. Hann beitti sér fyrir samyrkju í landbúnaði og alþýðukommúnurnar sem risu upp í kringum 1958 voru afrakstur af þessu starfi hans. Landbúnaðurinn í Kína tók stökkbreytingum fram á við. En í sigurgleðina bar svartan skugga. J. Stalin hinn mikli leiðtogi sovéskrar alþýðu féll frá og að honum látnum hrifsuðu endurskoðunnarsinnarnir með Nikita Krússjoff í fararbroddi völdin þar í gagnbyltingu. Áhrif sín og tengsl við Kína ætluðu þessir stéttsvikarar að notfæra sér, til að breyta Kína í nýlendu Sovétríkjanna og varpa enn að nýju þrældómsoki á kínverska alþýðu.. En Mao formaður reyndist trúr marxismanum-lenínismanum sem endranær og hann hóf óvægna og langvinna baráttu gegn mestu meinsemd komúnískrar heimshreyfingar á síðari áratugum, sósíalheimsvaldastefnunni og nútíma endurskoðunarstefnunni. Í harðvítugri baráttu afhjúpaði hann raunverulegt eðli þeirra afla sem tekið höfðu völdin í Sovétríkjunum og svipti hulunni af þeim sem studdu kúgunarfyrirætlanir þeirra innan Kína. En styrkur endurskoðunarstefnunnar reyndist vera svo mikill, að henni varð ekki bægt frá völdum, nema til kæmi ný bylting, bylting sem hreinsaði ríkisvaldið og flokkinn af þeim borgaralegu sníkjudýrum sem þar höfðu hreiðrað um sig. Þegar hin mikla Menningarbylting öreiganna hófst 1966, veitti Maó formaður henni persónulega forystu og áratuga byltingarreynsla hans, fræðileg djúphyggli og óbilandi baráttuþrek urðu enn einu sinni helsti leiðarvísir alþýðunnar í miskunnarlausum átökum við stéttarandstæðinginn. Byltingin sigraði og grundvöllurinn hafði verið lagður að farsælli og styrkri þróun Alþýðulýðveldisins í átt til kommúnisma.

Þrátt fyrir fengin völd hafði hugrekkið og byltingarhugsjónin frá hinum erfiðu árum í hellunum í Yenan, á engan hátt dvínað. Maó leiddi alþýðuna styrkri hendi fram á vígvöllinn til þess að hrinda áhlaupi endurskoðunarsinna og til þess að dýpka og efla ávinning byltingarstarfsins sem áður hafði verið unnið. Nú var lagður traustur grunnur að veldi öreigastéttarinnar og unga kynslóðin öðlaðist dýrmæta reynslu af byltingarsinnuðu starfi. Baráttan gegn Lin Piao og Teng Sjaó Ping varpar enn skæru ljósi á andlegt þrek hins aldna leiðtoga og viljakraft þessa mikilmennis. Borgaraleg endurskoðunarstefna leitaði nýrra forma og birtist í nýjum gervum, en Maó formaður afhjúpaði eðli hennar og sökkti þeim flokksmönnum, sem fóru leiðir kapítalismans á flótta



Undir leiðsögn Mao formanns mynduðu smábændur og verkamenn Kína með sér órjúfandi bandalag sem braut af kína fjötra nýlendustefnu og borgaralegs arðráns.

Að honum látnum stendur Kína, vígi sósíalisma og frelsis, sterkara en nokkru sinni fyrr. Maó formaður lætur verkalýð heimalands síns eftir ríkan arf í fræðum og starfi. Lífsstarf hans var óaðskiljanlega tengt byltingunni og það mun aldrei deyja. Þess vegna lifir Maó formaður um aldur og ævi í hjörtum fólksins í Kína og verk hans munu halda áfram að vera alþýðunni leiðarljós í byltingarstarfi og sósíalískri uppbyggingu.

Íslenskir marxistar-lenínistar eru harmi slegnir yfir fráfalli þessa mikilhæfa leiðtoga, sem nú er kvaddur af byltingarmönnum og alþýðu heimsins. Verk Maó formanns hafa ekki síður orðið til að kenna og mennta íslenska byltingarmenn, við eigum honum skuld að gjalda, skuld sem ekki verður goldin á annan hátt en með markvissri eflingu byltingarstarfsins á Íslandi og sigri sósíalismans hér. Kommúnistaflokkur Íslands/ML vottar kínverskri alþýðu djúpa samúð sína og er þess viss, að fráfall foringja hennar muni kalla hana til endurnýjaðra átaka, til heiðurs minningu hans. Mikilmenni er látið, en einmitt vegna þess að Maó Tse-tung var mikilmenni munu verk hans lifa áfram með vinnandi alþýðu heimsins og verða ódauðleg. Mao Tse-tung var ekki einasta foringi kínversku byltingaraflanna, hann var mesti marxisti-lenínisti vorra tíma, og kennari og leiðtogi hins alþjóðlega öreigalýðs og allra kúgaðra manna. Megi minning hans lifa um aldur og ævi.

KG



Kínversk alþýða heldur vöku sinni gagnvart árásum heimsvaldastefnunnar.




Lýst yfir stofnun Alþýðulýðveldisins.



Mao formaður að gefa skýrslu á liðsfundi í Yenan um nauðsyn þess að endurbæta starfsstíl flokksins.



CHILE



ÞRJÚ ÁR FRÁ VALDARÁNINU

Í dag eru þrjú ár liðin frá valdráni hersins undir forystu fasistans Pinochet í Chile . Við valdaránið var löglega kjörin forseti landsins, Allende, myrtur, og öll andstaða gegn valdaráninu barinn niður með fjöldamorðum. Talið er að á fyrstu dögunum eftir valdaránið hafi 30-40000 manns verið myrtir af böðlum hersins og alla tíð síðan hafa þeir verið iðnir við að hækka þá tölu .
Í eftirfarandi grein reynum við að varpa ljósi á ástandið í Chile.

Pyntingar og miskunnarlaust arðrán.

Valdaránið þýddi mikið og alvarlegt áfall fyrir alþýðu Chile sem fyllilega er hægt að jafna saman við ósigur lýðveldisins á Spáni 1939 eða gagnbyltinguna í Indónesiu 1965.. Öll lýðréttindi voru afnumin, og það var sem árangur áratuga baráttu væri að engu gerður í einu vettvangi. Það höfðu ekki verið gerðar neinar ráðstafanir af hendi sosíaldemokratanna og endurskoðunnarsinnanana sem voru bakhjarl Allende til að búa alþýðuna undir gagnbyltingu hersins . Svo sterk var trú endurskoðunnarstefnunnar á lýðræðisást einokunnarauðvalds Chile. Það tók því langan tíma að safna til baráttu þeim sem sluppu við fjöldamorð Pinochets og ekki urðu að flýja land.
En herforingjaklíkan gerir á meðan allt sem hún getur til að uppræta andstöðuöflin. Á undanförnum þrem árum hafa yfir 150.000 chilebúar verið handteknir og sætt pyntingum og yfirheyrslum. Fjöldi þeirra sem handteknir hafa verið hefur ekki sést síðan, og vitni bera að morð á föngum séu daglegt brauð. En fasismi er ekki bara pyntingar og pólitísk kúgun. Fasismi þýðir líka takmarkalausa kúgun á verkalýðnum, og taumlaust arðrán.
Í dag eru meira en 800.000 atvinnuleysingjar í Chile, og verðbólga sem fer yfir 300% á ársgrundvelli. Meginþorri alþýðunnar hefur hvorki í sig né á heldur býr við hungur og verður að betla og ræna til að lifa. Fjölmargir hafa látið lífið vegna skorts.
En þeir sem græða á þessu eru alþjóðaauðhringirnir og einokunnarauðvald Chile. Bandarískir auðhringir sem arðræna koparauðlindir Chile græða meira en nokkru sinni fyrr, og í sveitum landsins reka stórjarðeigendur og landbúnaðarauðhringir hreina þrælavinnu. Það voru þessi öfl sem stóðu á bak við valdaránið - og þessi öfl græða á ástandinu.

Andstaðan vex - endurskoðunnarstefnan einangrast

Í borgum og til sveita um allt Chile er nú að vaxa fram ný öflug fjöldahreyfing gegn fasismanum. Leiðsögn í baráttunni veita framsækin öfl og einstaklingar, og þar í fremstu röð er að finna Frente del Pueblo, eða Alþýðufylkinguna eins og hún nefnist á íslensku, og PCR, Hinn byltingasinnaða kommúnistaflokk Chile. Þessi öfl skipuleggja fjöldabaráttu á grundvelli stéttabarátta allsstaðar þar sem hina kúguðu alþýðu er að finna: Í fátækrahverfum stórborganna, í verksmiðjunum, á stórbúunum og meðal námsmanna. Um eðli baráttunnar segir Frente del Pueblo:



"Meirihluti chilebúa er andstæður hinu fasiska einræði og á enga aðra ósk heitari en að það kollvarpist. Flestir pólitískir flokkar og öfl hafa tekið afstöðu gegn einræðinu og tala um nauðsyn þess að sameinast gegn því. Þúsundir og aftur þúsundir chilebúa spyrja sjálfa sig hvers vegna svo erfitt sé að koma þessarri einingu á. En til er svar við þessarri spurningu og yfir því getum við ekki þagað
-Þau öfl sem standa gegn einræðinu hafa ólíka stéttahagsmuni. Annar hlutin vill berjast gegn einræðinu en hinn hlutinn skipta um einræðisherra. Þetta endurspeglar tvær línur í baráttunni gegn einræðinu.
-Við höfum valið leið fjöldabaráttu til að kollvarpa einræðinu. Í fyrirrúmi allrar starfsemi okkar setjum við baráttu verkalýðs, bænda og landbúnaðarverkamanna sem og annarra vinnandi manna og lýðræðis og föðurlandselskandi hópa sem berjast fyrir kollvörpun einræðisins og fyrir þjóðlegu sjálfstæði gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og öðrum heimsvaldaríkjum. Við berjumst fyrir þjóðfélagi án einokunnarauðvalds og stórbænda, þar sem alþýðan ræður framtíð sinni og sér um að verja sig.
-Þessi lína samsvarar hagsmunum þeirra chilebúa sem ekki vilja að atburðir síðustu ára geti nokkru sinni endurtekið sig í landi okkar.
-Þrýstingur á alþjóðamælikvarða á öllum sviðum gegn herforingjastjórninni, alþjóðleg samstaða með þjóð okkar hefur gífurlega þýðingu, og við þörfnumst hennar meira með hverjum degi. En hún getur ekki komið í stað baráttu chileanskrar alþýðu fyrir kollvörpun einræðisins. Samstaða með þeirri baráttu er mikilvægust fyrir okkur"
(Lausleg þýðing úr Gnistan nr. 32, 3-9/9 1976).
PCR og Frente del Pueblo hafa bent á það hlutverk sem Sovétríkin og endurskoðunnarsinnar leika í Chile. Þeir benda á að Sovétríkin gengu fremst í flokki við að afvopna alþýðu Chile fyrir valdaránið með því að reka áróður sinn fyrir friðsamlegri leið til sósíalisma. Þeir benda á að krafa endurskoðunnarstefnunnar um að einangra Chile alþjóðlega hefur lítið gildi fyrir fjöldabaráttu alþýðunnar, heldur hefur aðeins þau áhrif að herforingjaklíkan binst sterkari böndum við bandarísku heimsvaldastefnuna og fasistaríki víða um heim sem aftur þýðir enn meiri kúgun og arðrán heima fyrir. Síðast en ekki síst benda þeir á að stríðsrekstur Sovétríkjanna og fylgismanna þeirra, ss trotskyista þjónar aðeins hagsmunum heimsvaldastefnu Sovétríkjanna og baráttu þeirra fyrir áhrifum í S-Ameríku. Chileönsk alþýða hefur fengið að kenna á því hvað það þýðir að fylgja stefnu sovétmanna. Hún er uppgjafarstefna. Frente del Pueblo hefur útskýrt hvaða stefnur vinna skémdarstarf á baráttu alþýðunnar:
-Til eru þeir sem vonast til þess að sigur demokrata í forsetakosningunum í Bandaríkjunum verði til þess að hætt verði stuðningi við herforingjastjórnina. Þeir vonast eftir "lýðræðisstjórn" þar sem saman stjórni Kristilegir demokratar og "lýðræðisarmur " Pinochet-stjórnarinnar. Þessi öfl ruddu á sínum tíma veginn fyrir valdarán Pinochet og "barátta" þeirra miðar einungis að því að setjast sjálfir við stjórnvölin en viðhalda kúguninni á alþýðu landsins undir "lýðræðisformerkjum".
Þessir menn gera allt sem þeir geta til að halda fjöldanum utan við baráttuna. "Barátta gegn einræðinu þýðir bara aukna kúgun" segja þeir og "við verðum að bíða". Stjórnmálavitringar borgarastéttarinnar eiga að leysa vandamálin ofanfrá en alþýðan að bíða róleg. Þessir menn standa með stefnu Sovétríkjanna um alþjóðlega einangrun því með því að leggja höfuðáherslu á það en sleppa allri baráttu innanlands þjóna þeir best sínu markmiði. Það þarna sem svik sovétmanna við málstað chileanskrar alþýðu kemur best í ljós: Stuðningur við allar stjórnmálastefnur sem lýsa sig andvígar herforingjastjórninni þýðir að borgaralegu öflin sem leggjast gegn fjöldabaráttunni fá stuðning.
Frente del Pueblo hefur líka sýnt fram á að ákveðin öfl innan borgarastéttarinnar hafa efnahagsleg tengsl við Sovétmenn,og í dag eiga sovétmenn viðskipti við þá sem koma herforingjastjórninni til góða. Þessi viðskipti fara fram í gegnum fyrirtæki í Búlgaríu og Tékkoslovakiu, á sama hátt og vopnasala sovétmanna til falangista í Libanon.

Styðjum baráttu alþýðunnar í Chile:

Hér á Íslandi getum við best stutt baráttu alþýðunnar í Chile með því að veita Frente del Pueblo og PCR fullan stuðning. Við verðum að afhjúpa falskan stuðning endurskoðunnarstefnunnar og trotskyismans, og benda á, að það sem þessir aðilar eru að gera er það nákvæmlega sama og á sínum tíma í Vietnamstarfinu: Að leggja upp kröfur sem ekki samsvara ástandinu í landinu og styðja öfl sem eru alþýðufjandsamleg. Fylkingin krefst sósíalisma í Chile, sem alls ekki er á dagskrá, og sundrar þannig jafnt bandamönnum á Íslandi í baráttunni gegn herforingjastjórninni, og styður við bakið á öflum í Chile sem reka æfintýrapólitík sem sundrar alþýðunni. Alþýðubandalagið, sem á sínum tíma sendi sjálfar formanninn til Chile til að læra hvernig fara á friðsamlega þeirri leið til sósíalisma, og studdi dyggilega við bakið á þeim öflum sem afvopnuðu alþýðuna, styður í dag afturhaldssama og prinsiplausa stefnu Sovétríkjanna í þessu máli, á sama



Í verksmiðjum, á stórbýlum, meðal smábænda, í fátækrahverfum stórborganna og meðal námsmanna - allstaðar heyr alþýða Chile baráttu gegn fasismanum.

Undirskriftasöfnun til að hrinda bráðabirgðalögunum

Við undirritaðir mótmælum harðlega setningu bráðabrigðalaga frá 6. sept. þar sem sjómenn eru dæmdir til að þiggja lægri laun en þeir sætta sig við og skorum á Alþingi að ógilda bráðabrigðalögin nú þegar.

Nafn Skip

Við undirrituð lýsum yfir stuðningi okkar við baráttu sjómanna og skorum á Alþingi að ógilda bráðabrigðalögin frá 6. september '76 nú þegar. Lögin eru aðför að samningsrétti alls vinnandi fólks.

Nafn

Heimilisfang

Sjómenn hafa byrjað undirskriftasöfnun á landsmælikvarða til að mótmæla bráðabirgðalögunum. Í viðræðum við fulltrúa samstarfsnefndarinnar sem stendur fyrir undirskriftasöfnuninni kom fram, að með henni ætluðu þeir sér eftirfarandi:

1. Að fá lögin tekin upp á Alþingi og þau afnumin eða þeim breytt.
2. Að sýna fram á samstöðu og eindregin vilja sjómanna í sameiginlegri baráttu fyrir rétti sínum og leiðréttingu á kjörum sínum.
3. Að sýna fram á hug annara launþega til baráttu sjómanna og þess fordæmis sem lögin skapa, verði þeim ekki hrundið.

Undirskriftasöfnunin fer þannig fram, að aðstandendur hennar út um land dreifa listum til ábyrgra aðila í nálægum byggðarlögum sem sjá um að koma listunum í báta og skip, og að auki á þá staði sem sjómenn og aðrir koma oft á, (s.s. verslanir og vinnustaði), og einnig til sjálfboðaliða sem vilja taka að sér að safna undirskriftum.

Listarnir eru tvennskonar, annarsvegar fyrir starfandi sjómenn, og hinsvegar fyrir aðra. Áætlað er að listarnir verði afhentir Alþingi 26. okt. n.k. þ.e. sama dag og flotinn lét úr höfn eftir róðrastöðvunina síðastliðið haust, daginn eftir að sjómannasambandsþingi lýkur.

Einnig muni sjómenn gefa út blað, Sjómanninn, þar sem miðlað verður upplýsingum um söfnunina milli byggðarlaga, auk greina um kjaramál. Nú þegar hafa borist listar sem sjómenn hafa sett í umferð áður en söfnunin hófst. Við birtum hér texta allra listanna, og bendum þeim sem ekki geta nálgast lista samstarfsnefndarinnar að taka textan á þeim til fyrirmyndar. Það er gífurlega mikilvægt, og gerir út um áhrif amátt undirskriftanna að allir sem styðja þetta mál leggist á eitt að gera undirskriftasöfnunina sem víðtækasta og almennasta.

Hér til hliðar birtum við fréttatilkynningu frá aðstandendum undirskriftasöfnunarinnar og stuðningsmönnum þeirra, en þar eru nöfn og heimilisföng þeirra sem sjá um dreifingu listanna. Við skorum á alla sem styðja réttláta baráttu sjómannanna að setja sig í samband við samstarfsnefndina og taka þátt í undirskriftasöfnuninni.

Sendið fullskrifaða lista jafnóðum í pósthólf 74 Hafnarfirði, og í síðastalagi fyrir 26. okt. n.k.

Fréttatilkynning frá sjómönnum

Fréttatilkynning frá aðstandendum undirskriftasöfnunar sjómanna og stuðningsmanna þeirra.

FRJÁLS SAMNINGSRÉTTUR

Vegna setningar bráðabirgðalaganna 6. sept. síðastliðinn, varðandi vinnudeilu sjómanna og útgerðarmanna, hefur hópur manna víðsvegar af landinu hrundið af stað undirskriftasöfnun, þar sem sjómenn skora á Alþingi að ógilda lögin.

Samhliða undirskriftalistum sjómanna eru listar fyrir þá sem vilja styðja baráttu sjómanna og mótmæla þeirri óvirðingu sem samningsrétti alls vinnandi fólks er sýnd með bráðabirgðalögunum.

Það sem gerir lög þessi forkastanleg, er að engin gild ástæða er fyrir setningu þeirra, og að þau gilda aftur fyrir sig frá 16. febr. síðastliðin allt til 15. maí næsta ár, eða í rúma 15 mánuði, þar af 7 mánuði sem þegar eru liðnir. Einnig felst í lögunum greinileg hlutdrægni öðrum aðilanum í vil.

Það ber að vekja sérstaka athygli á því að sjómenn hafa unnið með lausa samninga frá 16. febr. í vetur. Er vafasamt að nokkur önnur stétt hafi sýnt vinnuveitendum sínum slíka biðlund sem sjómenn hafa gert, enda eru þeir sér velmeðvitandi um nauðsyn starfs síns fyrir þjóðina. Væri þeim betur komin virðing og þakklæti fyrir þá þjóðarhollustu sem fellst í að vinna án kjarasamninga mánuðum saman, heldur en sú niðrun sem nýsett bráðabirgðalög eru.

Lögin eru einnig aðför að samningsrétti alls vinnandi fólks því ef ríkisvaldið kemst upp með slík afskipti af vinnudeilum er samningsréttur allra stéttarfélaga í hættu, og engin veit hver verður fyrir næsta höggi.

Þeir sem standa að þessari undirskriftasöfnun eru:
Björn Ingólfsson Sandgerði.
Elías Björnsson Vestmannaeyjum.
Gestur Kristinsson Súgandafirði
Guðmundur Jónsson Vesturvangi 13, Hafnarfirði.
Jón Marteinn Guðröðsson, Reykjavík.
Ragnar Elbergsson Grundargötu 26, Grundarfirði.
Sigurgeir Jónsson Vestmannaeyjum.
Sigurpáll Einarsson Staðarvör 12, Grindavík.
Sverrir Hákonarson Elliðavöllum 19, Keflavík.
Þórður Ólafsson Setbergi 19, Þorlákshöfn.
Þorsteinn Vilhelmsson Vallargerði 4, Akureyri.
Hjalti Björnsson Siglufirði.

Þeir sem vilja taka að sér að safna undirskriftum eru beðnir að snúa sér til ofangreindra manna.

Frá sjómönnum Hellissandi

Vegna mistaka við frágang 16. tbl. Stéttabaráttunnar féll niður birting á undirskriftalista sjómanna frá Hellissandi. En eins og segir í forsíðugrein 16. tbl. þá hafa nokkrir sjómenn tekið sig til og samið og undirritað harðort mótmæla skjal sem þeir hyggjast senda ríkisfjölmiðlum og Sjómannasambandinu. Á að afhenda Matta Bjarna það þegar hann hundskast heim aftur.

Við mótmælum harðlega bráðabirgðalögum þeim er sett voru af íslensku ríkisstjórninni 8. þ.m., og teljum þau til beinnar kúgunar og valdníðslu á okkur sjómönnum. Vinnubrögð þessi er ~~forkastanleg~~ fordæmanleg ósvífni. Við lýsum því hér með yfir að við erum reiðubúnir til að hafa að engu lög þessi.

Við skorum á starfsbræður okkar um allt land að gera slíkt hið sama og mótmæla þessu harðlega.

Áhöfnin á Hamrasvani SH 201

Undirskrifað af:

Baldur Kristinsson skipsst.
Þorsteinn Karlsson háseti.
Eggert B. Sigurðsson háseti.
Sigurjón Alfreðsson háseti.
Guðlaugur Kristinsson háseti.
Ingi Þór Skúlason háseti.
Kristján Snorrason háseti.
Böðvar Jónson vélstj.
Ingimundur Óskarsson háseti.
Kjartan Gústafsson.
Gylfi Felixson.

FRAMHALD AF FORSÍÐU.

Samúðarkveðjur til Kommúnistaflokks Kína

þjóðlegu öreigahreyfingar.

Lífsstarf hans og kommúnískur andi mun ætíð lifa í hjörtum milljónamúgs verkamanna og kúgaðrar alþýðu.

Íslenska öreigastéttin og framvörður hennar, Kommúnistaflokkur Íslands Marxistar-Lenínistar, tjá djúpa sorg sína og samhryggð með kínversku þjóðinni og flokki hennar og með ættingjum félaga Mao Tse-tung. Andlát hans er mikill missir öllum þeim sem láta sig framtíð mannkynsins varða. Minning hans mun ávallt lifa í hugum hins vinnandi fjölda Íslands. Minning félaga Mao Tse-tung, besta leiðtoga og kennara öreigalýðs veraldarinnar er ævarandi.

Með byltingarsinnaðri virðingu,

Gunnar Andrésson, formaður miðstjórnar KFÍ/ML.

Kristján Guðlaugsson, ritari miðstjórnar KFÍ/ML.

FRAMHALD AF SÍÐU 3.


CHILE

hátt og það studdi heimsvaldastefnu Sovétríkjanna í Angóla og Tékkoslovakiu. Alþýðubandalagið hefur gerst leiðandi, ásamt Fylkinguni, fyrir árásir gegn fjöldahreyfingum í Chile og árásir gegn sósíalísku ríkjunum, Kína og Albaníu í þessu máli. Fölsunum endurskoðunnarstefnunnar hefur verið svarað hér í Stéttabaráttunni og við munum berjast af öllu afli gegn þeirri skemmdarstarfsemi sem þessir aðiljar reka gegn samstöðustarfi með alþýðu þriðja heimsins. Gott dæmi um þetta er fundur sem AB og Fylk. stóðu fyrir 11. september. Þar sýndu þeir sundrunguna og skort sinn á grundvallarreglum vel, er Fylkingin krafðist sósíalisma í Chile en Alþýðubandalagið krafðist þess að allir styddu Sovétríkin því þar væri unnið ötulast að því að einangra Pinochetklíkuna.

KFÍ/ML leggur áherslu á og mun stuðla að því að á næstunni verði stofnuð Chilenefnd sem byggja muni á stuðningi við Frente del Pueblo og PCR og þá fjöldabaráttu sem þessi samtök leiða í Chile. Við skorum á alla að styðja þessa nefnd og leggja lóð á þær vogarskálar að styðja baráttu alþýðu Chile og einangra endurskoðunnarstefnuna og áhrif hennar.

15/9 ÓI

Frente del Pueblo gefur út málgagn með fréttum frá Chile á spönsku, frönsku, ensku, ítölsku, ensku og þýsku. Þetta blað heitir ANCHA og kémur út mánaðarlega. Þeir sem hafa áhuga geta pantað það frá:
B. P. 59
París 75623
Cedex 13
France.
Þangað er líka hægt að senda stuðningsyfirlýsingar og kveðjur.



Út er kominn bæklingur sem ber heitið "Hvað vill KFÍm-l". Hann inniheldur allar samþykktir Stofnþings KFÍ m-l. Fæst í Rauðu Stjörnunni Lindargötu 15. Rvk. box 1357.

Rauða Stjarnan
Bókabúð

Rauða stjarnan selur mikið úrval bóka og blaða frá mörgum löndum.
Rauða stjarnan kappkostar að hafa á boðstólum allar fánlegar íslenskar bækur er fjalla um málefni og baráttu verkalýðsins.
Ennfremur: hljómplötur, veggspjöld, sjálfblekungar, kúlupennar og kínverski te.
Komið-skoðið-kaupið.
Sendum í póstkröfu um allt land

Rauða Stjarnan
Bókabúð
Lindargötu 15 Reykjavík
Pósthólf 1357 R,